

INNKAUPAREGLUR VESTMANNAEYJABÆJAR

I. Kafli. Tilgangur, gildissvið og ábyrgð

1. gr. Tilgangur

Reglur þessar eru settar til að stuðla að vönduðum og hagkvæmum innkaupum Vestmannaeyjabæjar og tryggja gæði vöru, þjónustu og verka sem sveitarfélagið kaupir. Ennfremur skulu reglurnar stuðla að því að lítið sé til umhverfissjónarmiða og líftíma vöru við innkaup.

Reglum þessum er ætlað að stuðla að því að Vestmannaeyjabær hagi innkaupum sínum í samræmi við góða viðskiptahætti og tryggja að stjórnsýsla á sviði innkaupa sé vönduð.

Reglum þessum er ætlað að stuðla að því að almennar kröfur um stjórnfestu og fyrirsjáanleika í framkvæmd, gagnsæi, jafnræði og málskotsrétt séu virtar við innkaup.

Bæjarstjóri skal hafa frumkvæði að því að samræma innkaup Vestmannaeyjabæjar þegar um er að ræða vöru eða þjónustu sem stofnanir Vestmannaeyjabæjar hafa almennt not fyrir.

2. gr. Orðskýringar

Innkaup: Kaup á hvers kyns aðföngum, þ.e. kaup á þjónustu, vörum og verklegum framkvæmdum.

Útboð: Innkaupaferli þar sem hvaða fyrirtæki sem er getur lagt fram tilboð. Undir hugtakið útboð falla heiti þar sem lýst er því sem boðið er út, eins og þjónustuútboð, verkútboð, vöruútboð, en einnig heiti eins og alútboð, samkeppni, hönnunarsamkeppni, tveggja áfanga keppni og útboð með tveggja umslaga kerfi.

Lokað útboð: Útboð þar sem völdum birgjum er boðið að bjóða í skilgreinda þjónustu, vörur eða verklegar framkvæmdir. Þátttakendur eru valdir á grundvelli fyrirfram skilgreindra forsenda í forvali sem hvaða fyrirtæki sem er getur tekið þátt í.

Forval: Val þátttakenda í lokuðu útboði vegna lokaðs útboðs er hluti útboðsferils.

Skrifleg verðfyrirspurn: Innkaupaferli þar sem leitað er til tveggja eða fleiri aðila um upplýsingar um verð á tiltekinni vöru eða þjónustu með bréfi, símbréfi eða tölvupósti.

Munnleg verðfyrirspurn: Innkaupaferli þar sem leitað er til tveggja eða fleiri aðila um upplýsingar um verð á tiltekinni vöru eða þjónustu með munnlegri fyrirspurn.

Samningskaup: Þegar kaupandi ræðir við fyrirtæki sem hann hefur valið samkvæmt fyrirfram ákveðnu ferli og semur um skilmála samnings við eitt eða fleiri fyrirtæki.

Formlegur innkaupaferill: Undir þetta fellur allur formlegur ferill sem notaður er til að ná fram sem hagstæðustu innkaupum og gæta jafnræðis svo sem útboð, lokað útboð, forval, skrifleg verðfyrirspurn og munnleg verðfyrirspurn eftir því sem við á.

3. gr. Gildissvið og ábyrgð

Reglur þessar gilda fyrir Vestmannaeyjabæ og allar stofnanir, deildir og fyrirtæki sem rekin eru af Vestmannaeyjabæ.

Ábyrgð á að innkaup séu í samræmi við innkaupareglur Vestmannaeyjabæjar og ákvæði laga er á hendi bæjarstjóra eða framkvæmdastjóra viðkomandi sviðs Vestmannaeyjabæjar.

Innkaupareglum Vestmannaeyjabæjar skal fylgt við öll stærri innkaup, sem og lögum um framkvæmd útboða nr. 65/1993 og lögum um opinber innkaup nr. 120/2016 þegar við á.

II. Kafli. Samningar og innkaupaaðferðir

4. gr. Viðmiðunarfjárhæðir

Meginreglan er sú að beitt skuli útboðum við innkaup.

Verði útboði ekki viðkomið skal verðfyrirspurn vera undanfari innkaupa. Engar vörur, þjónusta eða framkvæmdir skulu keyptar án verðsamanburðar. Við verðsamanburð skal miða við heildarkostnað við aðföng að meðtöldum flutnings- og ferðakostnaði vegna kaupanna. Einnig skal borinn saman áætlaður líftímakostnaður vöru, þ.e. viðhaldskostnaður, kostnaður við eyðingu og annar fyrirséður kostnaður sem innkaupin hafa í för með sér.

Þegar áætluð samningsfjárhæð verklegrar framkvæmdar er yfir 49 mkr. er meginreglan sú að viðhaft sé útboð. Verði því ekki viðkomið eða liggja ástæður til að efast um hagræði af útboði skal viðhafður formlegur innkaupaferill. Ef áætluð fjárhæð kaupa á vörum og þjónustu fer yfir 15,5 mkr. skal sömuleiðis viðhafður formlegur innkaupaferill. Allar tölur eru án virðisaukaskatts. Við innkaup á rekstrarvörum skal miðað við árlega innkaupaþörf í viðkomandi vöruflokki við mat á fjárhæð. Sé fyrirhugað að kaupa vörur, þjónustu eða verk í áföngum skal miða við samanlagt heildarverð allra áfanga sem boðnir eru út.

Heimilt er að breyta fjárhæðum skv. 3. mgr. annað hvert ár í samræmi við breytingar á vísitölu neysliverðs, í fyrsta sinn 1. janúar 2018. Heimilt skal að færa fjárhæðir þessar upp þannig að þær standi á heilu þúsundi.

Þegar áætluð samningsfjárhæð er yfir viðmiðunarfjárhæð vegna opinberra innkaupa á EES svæðinu skv. reglugerð nr. 807/2007 skal viðhafa útboð á EES svæðinu með þeim áskilnaði sem getur um í lögum nr. 84/2007.

Óheimilt er að skipta innkaupum niður með einum eða öðrum hætti til að lækka fjárhæð, eða áætlaða fjárhæð innkaupa í þeim tilgangi að komast hjá útboði/verðfyrirspurn. Þannig er t.a.m. óheimilt að skipta innkaupum milli tímabila og skipta eða láta skipta reikningum frá seljendum niður í smærri einingar. Þó er heimilt að skipta kaupum á vörum, verklegum framkvæmdum eða þjónustu í minni áfanga í þeim tilgangi að gera fleiri aðilum kleift að taka þátt í útboði og auka samkeppni á markaði. Þegar þetta er gert skal ávallt bjóða út alla áfanga verks, þjónustu eða vörukaupa.

5. gr. Samningar

Leitast skal við að gera samninga þannig úr garði að ekki geti komið upp ágreiningur um efni þeirra eða efndir. Samningar sem gerðir eru til langs tíma skulu innihalda uppsagnar- og riftunarákvæði til handa sveitarfélaginu.

Samningur um kaup á vörum, framkvæmdum og þjónustu skulu að jafnaði ekki gerðir lengur en til þriggja ára. Heimilt er að gera samninga með möguleika á framlengingu til eins árs í senn. Ekki má framlengja slíkan samning oftari en þrisvar sinnum. Óheimilt er með öllu að gera ótímabundna samninga.

Þegar samningar eru gerðir til lengri tíma en gildandi fjárhagsáætlun nær til, skal bæjarráð veita heimild til samningagerðar, að því marki að heimildir bæjarráðs skv. bæjarmálasamþykkt Vestmannaeyjabæjar leyfi. Varði skuldbinding sem í samningi felst verulega fjárhag eða hagsmuni Vestmannaeyjabæjar skal bæjarstjórn veita heimildina.

Bæjarstjóri skal annast alla samningsgerð í framhaldi útboða og verðfyrirspurna sé ekki annað ákveðið sbr. 7. gr.

6. gr. Innkaupaaðferðir

Við innkaup Vestmannaeyjabæjar skulu eftirfarandi innkaupaaðferðir notaðar:

- Fyrirspurn, munnleg eða skrifleg og samningur/pöntun í kjölfarið.
- Útboð, opið eða lokað, og samningur/pöntun í kjölfarið.
- Innkaup samkvæmt rammasamningi, enda hafi verðfyrirspurnir leitt í ljós að rammasamningurinn færi Vestmannaeyjabæ hagkvæmustu innkaup.
- Samningur eða pöntun án undangengings útboðs eða fyrirspurnar.

Við innkaup Vestmannaeyjabæjar er einnig heimilt, þar sem við getur átt, að beita eftirtöldum aðferðum:

- Samningskaupum að undangenginni birtingu útboðsauglýsingar.
- Samningskaupum án undangenginnar birtingar útboðsauglýsingar.
- Samningskaupum vegna hönnunarsamkeppni.

7. gr.

Umsjón innkaupa

Bæjarstjóri hefur yfirumsjón með öllu forvali, útboðum og fyrirspurnum sem og samningskaupum. Framkvæmdastjóri stjórnarsýslusviðs hefur eftirlit með að innkaup séu samkvæmt samningum og í samræmi við innkaupareglur þessar í umboði bæjarstjóra.

Framkvæmdastjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs Vestmannaeyjabæjar hefur umsjón með forvali, útboðum og verðfyrirspurnum sem varða verklegar framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins í samráði við bæjarstjóra. Forstöðumenn B-hluta fyrirtækja annast útboð og innkaup sem undir starfsemi þeirra falla í samræmi við reglur þessar, nema annað sé tekið fram, í samráði við bæjarstjóra.

Umsjón með innkaupum deilda, stofnana eða fyrirtækja Vestmannaeyjabæjar er á hendi viðkomandi stjórnenda.

8. gr.

Fjárheimildir

Afla skal heimildar fyrir öllum aðföngum áður en innkaup eiga sér stað eða sveitarfélagið er skuldbundið fjárhagslega. Þessar leiðir skulu farnar við öflun fjárheimildar:

- a) Fjárheimild á fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Að jafnaði skulu áætluð útgjöld sveitarfélagsins lögð fyrir bæjarstjórn Vestmannaeyja við gerð fjárhagsáætlunar. Innkaup samkvæmt fjárhagsáætlun skulu samþykkt af stjórnanda viðkomandi deildar, stofnunar eða fyrirtækis.
- b) Fjárheimild frá bæjarráði eða bæjarstjórn. Í sérstökum og aðkallandi tilfellum getur viðkomandi fagrað óskað eftir fjárheimild frá bæjarráði vegna óvæntra útgjalda. Bæjarráð skal þá leggja til hvernig auknum útgjöldum skuli mætt. Ef fjárhæð útgjaldanna þykir fara fram úr heimildum bæjarráðs, skv. samþykkt um stjórn og fundarsköp Vestmannaeyjabæjar eða ef mótatkvæði er greitt gegn tillögunni í bæjarráði, skal bæjarstjórn fjalla um málið.

Stjórnanda sem fengið hefur heimild fyrir útgjöldum samkvæmt ofansögðu er heimilt að nýta þá heimild án frekara samráðs, enda hafi viðkomandi fagrað haft tækifæri til að fjalla um málið áður en fjárheimildar var aflað. Ef um er að ræða fjárheimild skv. b-lið og útgjaldapörfin er mjög aðkallandi, er bæjarráði/bæjarstjórn heimilt að veita viðkomandi stjórnanda heimild til að stofna til útgjalda án undanfarandi samráðs við fagrað. Skal þá málið lagt fyrir fagraðið til kynningar við fyrsta tækifæri.

9. gr.

Innkaupaaðilar

Stjórnandi sem hefur forráð yfir fjárheimildum samkvæmt 8. grein getur veitt undirmanni sínum umboð sitt til að afla aðfanga allt að kr. 300 þ.kr. Bæjarráð getur samþykkt meiri heimildir til handa starfsmanni í sérstökum tilvikum að fengnum tillögum viðkomandi stjórnanda. Bæjarráð, í samráði við bæjarstjóra, skal ákveða fyrirkomulag almennra innkaupa, t.d. með notkun beiðna eða innkaupakorta.

Innkaup annarra en starfsmanna eru með öllu óheimil í nafni sveitarfélagsins.

10. gr.

Hæfis- og siðareglur

Enginn starfsmaður Vestmannaeyjabæjar eða fulltrúi í nefnd, ráði eða stjórn á vegum sveitarfélagsins má leiða ákvörðun um innkaup, sem varða aðila sem þeir eru náskyldir eða í hagsmunatengslum við sbr. hæfisreglur í 3.gr. stjórnarsýslulaga. Ber starfsmanni eða nefndarfulltrúa að hafa frumkvæði að því að gera viðvart um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans.

Starfsmönnum Vestmannaeyjabæjar og fulltrúum í nefndum, ráðum eða stjórnnum á vegum sveitarfélagsins er óheimilt að þiggja boðsferðir og gjafir sem tengjast viðskiptum við sveitarfélagið, nema með samþykki bæjarstjóra.

Allir starfsmenn er koma að innkaupum og innkaupamálum skulu gæta þagmælsku um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna viðskiptahagsmuna eða af öðrum ástæðum sem leiða af lögum eða eðli máls. Bæjarstjóri Vestmannaeyjabæjar hefur umsjón með allri upplýsingagjöf um samninga og innkaup á vegum sveitarfélagsins og sér til þess að hún samræmist ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, upplýsingalaga nr. 140/2012 og annarra laga sem eiga við hverju sinni.

11. gr.

Viðurlög við brotum

Brot á reglum þessum teljast til brota í starfi og geta leitt til áminningar viðkomandi starfsmanns.

Ítrekuð og/eða alvarleg brot geta varðað brottrekstri úr starfi.

III. kafli. Útboð og fyrirspurnir

12. gr.

Opið útboð

Þegar um er að ræða kaup á verki eða þjónustu sem margir geta framkvæmt eða veitt, eða vöru sem margir selja eða geta útvegað, skal almennt viðhafa opið útboð. Þegar um er að ræða vandasöm, fagleg og/eða tímalega krefjandi og/eða fjárfrek verk skal tryggja eins og kostur er að væntanlegir bjóðendur hafi bæði faglega og fjárhagslega getu til að framkvæma viðkomandi verk.

13. gr.

Lokað útboð

Þegar opnu útboði verður ekki við komið, þáð þykir ekki hagkvæmur kostur eða aðrar málefnalegar ástæður eru fyrir hendi, er heimilt að viðhafa lokað útboð. Almennt skal lokað útboð ekki viðhaft nema að undangengnu forvali. Þegar lokað útboð er viðhaft skal leitast við að ná fram raunhæfri samkeppni og því skal lágmarksfjöldi þátttakenda vera fjórir, ef þess er nokkur kostur.

14. gr.

Forval

Þegar forval er viðhaft til að velja þátttakendur í lokuðu útboði, samkeppni eða samningskaupum, skal þess krafist í forvalsgögnum að umsækjendur leggi fram upplýsingar sem sýna getu þeirra til að taka að sér verkefnið.

Þannig skal í forvalsgögnum koma fram með skýrum og greinargóðum hætti hvaða gagna eða upplýsinga er krafist frá umsækjendum og hvernig verði staðið að vali á þátttakendum. Hægt er að takmarka fjölda þátttakenda í útboði, samkeppni eða samningskaupum, t.d. þannig að í forvalsgögnum komi fram að aðeins umsækjendur sem uppfylla tilteknar lágmarkskröfur fái að taka þátt í því eða að aðeins tiltekinn fjöldi fái þátttökurétt.

Niðurstöður forvals skal tilkynna öllum þeim sem sendu inn forvalsgögn og færa rök fyrir niðurstöðunni.

15. gr.

Lokað útboð án forvals

Viðhafa má lokað útboð meðal valdra bjóðenda, án forvals, enda liggja málefnalegar og gildar ástæður því að baki.

16. gr.

Auglýsing útboða

Útboð skal auglýsa opinberlega í a.m.k. einu dagblaði eða á útboðsvef Ríkiskaupa, í minnst einum fjölmiðli sem starfræktur er í Vestmannaeyjum og á heimasíðu Vestmannaeyjabæjar. Í auglýsingu skal koma fram hvar og hvenær útboðsgögn eru til afhendingar, hver kaupandi er, hvað boðið er út, hver frestur er til að skila tilboði og skilafélag þess sem verið er að bjóða út.

Við lokað útboð skal senda orðsendingu um útboðið til þeirra sem kaupandi gefur kost á að gera tilboð. Í orðsendingunni skal, auk þess sem tilgreint er í 1. mgr., koma fram hvaða aðilum er gefinn kostur á að gera tilboð.

17. gr.

Útboðsgögn

Útboðsgögn skulu innihalda allar nauðsynlegar upplýsingar svo unnt sé að gera tilboð. Frestur til að skila tilboði skal alltaf vera hæfilegur miðað við umfang þess sem boðið er út.

Í útboðsgögnum skal skýrt koma fram hvernig tilboð verði metin og hvaða forsendur verði lagðar til grundvallar vali á samningsaðila.

18. gr.
Fyrirspurnir

Þegar ekki er viðhaft útboð eins og meginreglan í 1. mgr. 9. gr. kveður á um vegna innkaupa vöru, verka eða þjónustu skal fyrirspurn almennt vera undanfari viðskipta. Skylt er að fyrirspurn sé undanfari viðskipta þegar áætluð fjárhæð innkaupa vegna verklegrar framkvæmdar er yfir 4 mkr., yfir 2 mkr. þegar um þjónustu og vörukaup er að ræða. Öll viðmiðunarverð eru án virðisaukaskatts.

Bæjarstjóri annast fyrirspurnir á vöru og þjónustu fyrir stofnanir, deildir og fyrirtæki Vestmannaeyjabæjar, nema annað sé ákveðið sbr. ákvæði 7. gr.

Fyrirspurn er framkvæmd, þar sem útboð er ekki talið eiga við, til að afla tilboða frá tilteknum aðilum sem taldir eru geta útvegað vöru, veitt þjónustu eða framkvæmt verk, sem óskað er eftir hverju sinni. Þrátt fyrir að fyrirspurnir séu óformlegri en útboð, samkvæmt þeim lögum sem um þau gilda, skal tilboða aflað á grundvelli skriflegra fyrirspurnargagna og tilboð skulu einnig vera skrifleg. Heimilt er að senda út fyrirspurnir og taka við tilboðum í fyrirspurnir með tölvupósti. Málsmeðferð öll skal vera vönduð, fyrirspurnargögn skulu vera skýr og greinargóð og skýrt skal koma fram ef meta á tilboð á öðrum forsendum en verði einu saman. Opnun tilboða/verðfyrirspurnar, á tilsettum opnunartíma, skal skráð af starfsmönnum. Samanburðarskrá tilboða skal gerð og þátttakendur skulu upplýstir um val á tilboði og tilboð annarra aðila.

19. gr.
Undanþága frá útboði og/eða verðfyrirspurn.

Bæjarstjóra er heimilt að veita undanþágu frá útboði og verðfyrirspurn ef ríkar ástæður eru fyrir hendi, svo sem ef búnaður fæst eingöngu hjá einum aðila.

IV. Kafli. Mat á tilboðum og samningsaðilum

20. gr.
Mat og val á tilboðum/samningsaðilum

Ætíð skal taka því tilboði sem hagkvæmast er miðað við kröfur í útboðslýsingu, lög og reglur. Ef hagstæðasta tilboð er ekki jafnframt lægsta tilboð skal það rökstutt sérstaklega.

Í útboðsgögnum skal tilgreina forsendur fyrir vali tilboðs með eins nákvæmum hætti og framast er unnt. Í forsendum má ekki vísa til annarra atriða en staðreynd verða á grundvelli gagna sem bjóðendur leggja fram eða með öðrum hlutlægum hætti. Við gerð útboðsgagna skal taka mið af umhverfissjónarmiðum, m.a. líftímakostnaðar, þar sem það á við.

Kaupandi skal meta tilboð á grundvelli þeirra forsendna fyrir vali tilboðs sem fram komu í upphaflegri útboðslýsingu eða skýringargögnum og skal velja hagkvæmasta tilboð. Kaupanda er heimilt að óska eftir því að sá þátttakandi sem á hagkvæmasta boð skýri atriði í tilboði sínu eða staðfesti tiltekna skuldbindingar sem þar hafa komið fram, enda leiði það ekki til þess að grundvallarþáttum í tilboðinu, eða útboðsauglýsingu, sé breytt þannig að samkeppni sé raskað eða um mismunun verði að ræða.

21. gr.
Fjárhagsstaða bjóðanda/viðsemjenda

Fjárhagsstaða bjóðanda skal vera það trygg að hann geti staðið við skuldbindingar sínar gangvart sveitarfélaginu.

Heimilt er að útiloka fyrirtæki frá opinberum samningi sem eitthvað eftirfarandi á við:

1. Sætir nauðasamningum eða er undir gjaldþrotaskiptum.
2. Er í vanskilum með opinber gjöld eða sambærileg lögákveðin gjöld.
3. Er í vanskilum með lífeyrissjóðsiðgjöld eða sambærileg lögákveðin gjöld.
4. Fyrirtæki hefur með endanlegum dómi verið fundið sekt um refsivert brot í starfi.
5. Fyrirtæki hefur sýnt alvarlega vanrækslu í starfi sem Vestmannaeyjabæ er unnt að sýna fram á.
6. Fyrirtæki hefur gefið rangar upplýsingar um fjárhagslega og tæknilega getu sína eða hefur ekki lagt slíkar upplýsingar fram.

Óheimilt er að greiða viðsemjanda vegna verks eða þjónustu fyrr en fullnægjandi samningsefndatrygging liggur fyrir og samningur er frágenginn.

Heimilt er að gera kröfur um jákvæða eiginfjárstöðu tilboðsgjafa í útboðum.

Heimilt er að kanna viðskiptasögu eigenda. Leiði sú könnun í ljós að eigandi eða fyrirtæki hans hafi lent í greiðslu- eða gjaldþroti sbr. 68. gr. laga um opinber innkaup, sl. fimm ár (gjaldþrot, nauðasamninga, greiðslustöðvun o.fl.) ber að vísa bjóðanda frá, enda eigi í hlut sams konar rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur, í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi, en með nýja kennitölu.

22. gr.

Meðferð reikninga vegna innkaupa

Í skriflegum samningum um innkaup á verkum, vöru eða þjónustu skal skýrt kveðið á um reikningsgerð og greiðslutilhögun. Í samningi skal koma fram frestur kaupanda til að greiða reikninga. Æskilegt er að ekki sé samið um styttri greiðslufrest en 30 daga frá útgáfudegi reiknings.

V Kafli. Almenn ákvæði

23. gr.

Kæru- og endurupptökuheimild

Sé um að ræða innkaup sem falla undir lög um opinber innkaup nr. 120/2016, sbr. XI. kafla laganna, er aðila heimilt að kæra til kærunefndar útboðsmála. Kæra skal borin skriflega undir kærunefnd útboðsmála innan 20 daga frá því að kærandi vissi um eða mátti vita um þá ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum. Kröfu um óvirkni samnings er þó heimilt að bera undir nefndina innan 30 daga frá framangreindu tímamarki. Þó verður krafa um óvirkni samnings ekki höfð uppi þegar sex mánuðir eru liðnir frá gerð hans. Við nánari ákvörðun frestsins skal gilda 106. gr laga um opinber innkaup.

Telji bjóðendur eða seljendur vöru, verka og þjónustu að á sér hafi verið brotið eða meðferð innkaupamála Vestmannaeyjabæjar sé ábótavant, er aðila heimilt að óska eftir endurupptöku máls ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ákvörðun hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin. Beiðni um endurupptöku skal beina skriflega til (viðkomandi aðila), innan 3ja mánaða frá birtingu ákvörðunar.

24. gr.

Gildistaka og endurskoðun.

Reglur þessar öðlast gildi

Vestmannaeyjum 13. febrúar 2017

Elliði Vignisson

bæjarstjóri